

# STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 1993

---

26. október 1993

495

Nr. 108

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 26. október 1993.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

1. nóvember 1993

Nr. 109

## LÖG

### um breyting á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað lokamálsliðar ákvæðis til bráðabirgða koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim fyrir 22. júní 1992. Sama gildir hafi verið samið um breytingar á eldri skipum í fullvinnsluskip fyrir þann tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

Steindórsprent Gutenberg hf.